



Stúdentaráð Háskóla Íslands

Stúdentaráðsfundur

Dags. fundar 15.01.24	Tími 17:00	Staður Askja N-132	Nr. fundar 9
Fundarboðandi Rakel Anna Boulter	Fundarritari Gísli Laufeyjarson Höskuldsson		Dags. rituð 15.01.24

Fundaraðilar mættir:

Félagsvísindasvið:

Arna Dís Heiðarsdóttir (Röskva)
Júlíus Viggó Ólafsson (Vaka)
Daníel Hjörvar Guðmundsson (Vaka) *teams*
Emilía Björt Írisard. Bachmann (Röskva)

Heilbrigðisvísindasvið:

Sigríður Helga Kárdal Ásgeirsdóttir (Röskva)
Daniel Thor Myer (Röskva)

Hugvísindasvið:

Guðni Thorlacius (Röskva)
Júlía Karín Kjartansdóttir (Röskva)
Steinunn Kristín Guðnadóttir (Röskva)

Menntavísindasvið:

Tanja Sigmundsdóttir (Röskva)
Dagbjört Ósk Jóhannsdóttir (Röskva)

Verkfræði- og náttúruvísindasvið:

Berglind Bjarnadóttir fyrir Maríu Rós Kaldalóns (Röskva)
Davið Ásmundsson (Röskva)
Eiður Snær Unnarsson (Vaka)

Aðrir (án atkvæðisréttar)

Rakel Anna Boulter, forseti SHÍ
Nana-Kirstine Bruhn Rasmussen, alþjóðafulltrúi SHÍ
Gísli Laufeyjarsön Höskuldsson, lánasjóðsfulltrúi SHÍ (ritari)
Sindri Freyr Ásgeirsson
Sigurbjörg Guðmundsdóttir

Fundarmenn fjarverandi og án varafulltrúa:

Félagsvísindasvið: Kristmundur Pétursson (Röskva)

Heilbrigðisvísindasvið: Elísabet Sara Gísladóttir (Vaka)

Hugvísindasvið:

Verkfræði- og náttúruvísindasvið:

Menntavísindasvið: Júlíana Dögg Önnudóttir Chipa (Vaka)



Stúdentaráð Háskóla Íslands

Fundardagskrá

Stúdentaráðsfundur 15. janúar 2024 í stofu N-132

1. Forseti Stúdentaráðs setur fund 17:00-17:05
The President of the Student Council convenes the meeting
2. Fundargerð síðasta fundar Stúdentaráðs þann 13. desember borin upp til samþykktar (atkvæðagreiðsla) 17:05-17:10
Vote on minutes from the Student Council meeting on June 21st.
3. Tilkynningar og mál á döfnni 17:10-17:20
Announcements and issues ahead
4. Fjárveitingar til Háskóla Íslands – Guðmundur Ragnar Jónsson, framkvæmdastjóri HÍ 17:20-17:45
Allocated funds to the University of Iceland – Guðmundur Ragnar Jónsson, HÍ CEO
5. Kynning á skýrslu um MSNM - Gísli Laufeyjarson Höskuldsson, Lánasjóðsfulltrúi SHÍ 17:45-18:00
Presentation on a report on the Icelandic Student Loan Fund - Gísli Laufeyjarson Höskuldsson, SHÍ Loan Fund representative
6. Fjármál Stúdentaráðs - Guðmundur Ásgeir Guðmundsson, framkvæmdastjóri SHÍ 18:00 - 18:10
Finance of the Student Council - Guðmundur Ásgeir Guðmundsson, SHÍ's managing director
7. Fundarhlé 18:10-18:20
Intermission
8. Næstu skref varðandi lögmæti skrásetningargjaldsins (atkvæðagreiðsla) 18:20-18:30
Next steps regarding HÍ's registration fee (vote)
9. Skipulags- og samgöngumál 18:30-18:40
Transportation and Environmental Affairs
10. Umræður og tillaga að efni í herferð SHÍ (atkvæðagreiðsla) 18:40-18:55
Proposal and discussion on campaign content (voting)
11. Kynning á Landssamtök íslenskra stúdenta (LÍS) – Alexandra Ýr van Erven 18:55-19:10
Presentation on The National Union of Icelandic Students (LÍS) – Alexandra Ýr van Erven
12. Önnur mál 19:10-19:15
Other issues
13. Fundi slitið 19:15



Stúdentaráð Háskóla Íslands

1. Forseti Stúdentaráðs setur fund 17:19

The President of the Student Council convenes the meeting

Dagskrárbreytingartillaga um að fara í lið 4 nú þegar borin upp

Atkvæðagreiðsla: einróma samþykkt með 14 atkvæðum

2. (áður 4) Fjárveitingar til Háskóla Íslands – Guðmundur Ragnar Jónsson, framkvæmdastjóri HÍ
17:20-17:45

- a. Guðmundur kynnir nýtt reiknilíkan og ber saman við það sem áður var við lýði. Gerir grein fyrir því hvernig fjárveitingar til háskóla hafa verið reiknaðar og hvernig nýjar reglur breyta því fyrirkomulagi, en óbreytt er að reiknilíkanið er magndrifið. Á meðal stórra breytinga felst í því, að nú verður háskólum reiknað fé í samræmi við loknar einingar í stað þreyttra. Hann vísar næst sögunni að því hvernig fjármunir skiptast innan skólans. Greinargóðum skýringarmyndum er varpað á töfluna þar sem fjárveitingar skólans eru sundurliðaðar eftir fræðasviðum og þróun í þeim málum er rædd, m.a. með hliðsjón af því hvernig nýtt kerfi horfir við í þeim efnum.

Forseti spyr hvort Háskólann vanti enn þá milljarð eins og árið áður (sbr. herferð SHÍ árið 2023). Guðmundur svarar því að það sé ekki alveg milljarður en þó vanti Háskólann 250 milljónir til að loka dæminu.

Dagbjört spyr hvort ástæður nemendafækkunar gætu mögulega stafað af fjölgun í öðrum háskólum? Guðmundur svarar því að helsta ástæða nemendafækkunar sé líklegast sú að nemendum fjölgandi gríðarlega í Covid en að nú hafi þeim fækkað aftur í eðlilegra horf.

Dagskrárbreytingartillaga um að taka lið 6 fyrir nú þegar.

Atkvæðagreiðsla: einróma samþykkt með 14 atkvæðum

3. (áður 6) Fjármál Stúdentaráðs - Guðmundur Ásgeir Guðmundsson, framkvæmdastjóri SHÍ
17:45

Finance of the Student Council - Guðmundur Ásgeir Guðmundsson, SHÍ's managing director

- a. Guðmundur framkvæmdastjóri fer yfir fjárhagsáætlun SHÍ 23-24
- b. Helst nefndi framkvæmdarstjóri að nokkrir liðir, sem flokkaðir eru undir Misc. Exp., hefðu ratað í þann flokk fyrir slysi. Í fjárhagsáætlun fyrra árs höfðu liðirnir lent í



Stúdentaráð Háskóla Íslands

flokknum þar sem þeir voru ófyrirséðir og tilfallandi. Hins vegar var vel hægt að gera ráð fyrir kostnaðarliðunum í ár – t.d. ferðakostnaður lánasjóðsfulltrúa – og því hefðu liðirnir ekki átt að tilheyra flokknum. Framkvæmdastjóri útskýrir að liðirnir voru settir í flokkinn til að útskýra Misc. og koma með dæmi um framsetningu. Hann viðurkennir hins vegar misvísandi uppsetningu og tekur ábyrgð á mistökunum.

Júlíus Viggó gerir athugasemd um að minnisblað lögfræðings hafi fallið undir Misc. Exp. Framkvæmdastjóri segir athugasemdina vel skiljanlega.

4. (*áður 2*) Fundargerð síðasta fundar Stúdentaráðs þann 13. desember borin upp til samþykktar (*atkvæðagreiðsla*) 18:00

Vote on minutes from the Student Council meeting on June 21st.

5. (*áður 3*) Tilkynningar og mál á döfinni 18:03

Announcements and issues ahead

- a. Forseti fer yfir ýmsar tilkynningar og ýmis mál á döfinni.
- b. Starfsemi skrifstofu
 - i. Íþróttaskóli vorannar
 - ii. Alþjóðadagar
 - iii. Annáll og mánaðarlegur pistill
- c. Fréttir úr LÍS
- d. Tilkynnt um framlengingu fulltrúa í skipulagsnefnd háskólaráðs.
 - i. Skv. 4.3. kafla verklagsreglna Stúdentaráðs hefur stjórn heimild til að ákvarða um áframhaldandi setu fulltrúa í nefnd háskólaráðs óski hann eftir því. Fulltrúi stúdenta hefur óskað eftir áframhaldandi umboði, tók stjórn setu Sindra Freys Ásgeirssonar fyrir á síðasta fundi og hlaut hann umboði til áframhaldandi setu í nefndinni til 30. júní n.k.
- e. Viðbrögð HÍ við yfirlýsingu SHÍ til stuðnings Palestínsku þjóðinni.
 - i. Jón Atli vísar í [frétt á stúdentafréttir.is](http://frett.athskolafrattir.is) þar sem hann fjallaði um málið.

Kosið um að fundarhlé eigi sér stað nú þegar

Atkvæðagreiðsla: 12 samþykki – 2 sitja hjá.



Stúdentaráð Háskóla Íslands

6. Fundarhlé 18:10

Intermission

Eiður Snær yfirgefur fundinn 18:10

7. Kynning á skýrslu um MSNM - Gísli Laufeyjarson Höskuldsson, Lánasjóðsfulltrúi SHÍ 18:23

Presentation on a report on the Icelandic Student Loan Fund - Gísli Laufeyjarson

Höskuldsson, SHÍ Loan Fund representative

- a. Gísli lánasjóðsfulltrúi SHÍ kynnir skýrsluna.
 - i. Frekari umræður og spurningar má nálgast á upptöku.

Dagskrárbreytingartillaga um að taka lið 10 fyrir nú þegar

Atkvæðagreiðsla: einróma samþykkt með 13 atkvæðum.

8. (áður 10) Umræður og tillaga að efni í herferð SHÍ (atkvæðagreiðsla) 18:45

- a. Efni tillögunar mátti finna í fundargögnum en hún var ekki á hefðbundnu tillöguformi.
- b. Mælendaskrá opin

Júlíus Viggó: Afstaða mín, líklega flestra í Vöku, er að við erum ósammála áhersluatriðunum. Tala frá minni upplifun sem lánþegi. Það sem hefur áhrif á mína ákvarðanatöku er ekki einhverjar niðurfellingar heldur frítekjumarkið, framfærslan, að gert er ráð fyrir lítilli neyslu. Minnst einnig á það, út frá minni þekkingu, að fleira fólk vill hafa hvata þar sem Íslendingar eru mjög lengi í gegnum háskólanám. Einhverjir hagsmunaárekstrar eru á milli ráðuneytisins og sjóðsins. Held að hér sé löng áhersla lögð til grundvallar, betra væri að hækka framfærsluna eða að tvískipta frítekjumarkinu. Við [Vaka] leggjum áherslu á að setja í lög að útgreiðsluhliðin skuli ráðast af vissum viðmiðum. Tel að tillagðar breytingar gangi í andstöðu við markmið laganna. Hef áhyggjur af því að við lendum á vegg í samskiptum við ráðuneytið.

Arna Dís: Við erum ekki að samrýmast kröfum stjórnvalda. Við vinnum fyrir stúdenta og vorum ekki kosin til þess að gera það sem er best fyrir stjórnvöld.

Júlíus Viggó: Langar að áréttu að auðvitað legg ég ekki til að við eigum að samræmast stefnu stjórnvalda. Mælikvarðinn á velgengni okkar er engu að síður sá árangur sem við náum. Ef við tökum ekkert tillit til utanaðkomandi atriða



Stúdentaráð Háskóla Íslands

munum við vaða fram án þess að setja beittan þrýsting á stjórnvöld. Mestu skiptir það sem við náum fram.

c. Atkvæðagreiðsla:

11 Samþykkið – Júlíus og Daníel sitja hjá.

9. Kynning á Landssamtök íslenskra stúdenta (LÍS) – *Alexandra Ýr van Erven 19:15*

Presentation on The National Union of Icelandic Students (LÍS)

a. Alexandra kynnir starfsemi LIÍS

b. Umræður

- i. *Júlíus spyr hvort það hafi verið í umræðunni að LIÍS gangi inn í LUF og geri þar með aðild SHÍ að LUF óþarfa. Alexandra kveðst ekki hafa vitað af slíkri umræðu fyrr en nýlega og mjög óformlega. Það á eftir að skoða margt og ræða margt hvað inngöngu LIÍS í LUF varðar.*

Forseti bætir við að þetta verði einmitt til umræðu á morgun á fulltrúarráðsfundi LIÍS.

10. Næstu skref varðandi lögmæti skrásetningargjaldsins (*atkvæðagreiðsla*) 19:30

Next steps regarding HI's registration fee (vote)

a. Tillöguberar (*Rakel Anna og Gísli*) flytja tillöguna

Stúdentaráðsfundur

15. janúar 2024

- T I L L A G A -

Stúdentaráð ályktar að skrifstofa ráðsins skuli beita kröftum sínum eftir tilefni og föngum, í samræmi við lög og verklagsreglur, til þess að vinna að framgangi hvers lags málareksturs er miðar að því að reyna á lögmæti skrásetningargjalda Háskóla Íslands. Við þessa vinnu skal skrifstofan hafa að leiðarljósi virka upplýsingagjöf og samráð við stúdentaráð, stjórn þess og fylkingar.

Gísli Laufeyjarson Höskuldsson

Rakel Anna Boulter

b. Atkvæðagreiðsla

Einróma samþykkt með 13 atkvæðum.

Sigríður yfirgefur fundinn



Stúdentaráð Háskóla Íslands

11. Skipulags- og samgöngumál 19:40

Transportation and Environmental Affairs

- a. Forseti kynnir skipulags- og samgöngumál sem verða einnig til umræðu á Háskólaþingi 17. janúar næstkomandi.
- b. Sindri tekur til máls og gerir grein fyrir veru sinni í skipulagsráði HÍ. Lýsir fýsn sinni til þess að svara spurningum hvers konar.

12. Önnur mál 19:45

Other issues

- a. Júlíus Viggó og Daníel Hjörvar fara fram á svohljóðandi bókun.

“Fulltrúar Vöku gera alvarlega athugasemd við það að 220.330 kr. kostnaður við kaup á minnisblaði frá Jónu Þóreyju Pétursdóttur hafi verið færður undir „misc“ í „annar kostnaður,“ og að Stúdentaráð hafi ekki verið upplýst um kostnaðinn þegar fjárhagsáætlun var kynnt og samþykkt á fundi 19. október, þrátt fyrir að kostnaðurinn hafi þá þegar legið fyrir.”

*Júlíus Viggó Ólafsson, stúdentaráðsliði
Daníel Hjörvar Guðmundsson, stúdentaráðsliði*

- b. Berglind bendir á að búið sé að úthluta úr aldarafmælisjóð. Sjálfbærnefnd SHÍ sótti um styrk til þess að kaupa aðstöðu til þess að þvo upp fjölnota ílát á háskólatorgi.